

Fréttatilkynning 30.1.2017 kl 9.00

Atvinnutækifæri ungs fólks á norðurslóðum felast í skapandi greinum

„Flestir vina minna hafa flutt frá Færeyjum til að mennta sig eða vinna. Ég ákvað að vera áfram í Færeyjum á meðan ég klára BA námið en þegar því er lokið þarf ég að flytja til að halda áfram námi,“ segir Barbara Apol, búsett í Þórshöfn. Möguleikar til menntunar eru takmarkaðir á dreifbýlissvæðum norðurslóða og æ fleiri bregðast við með því að búa og starfa á fleiri en einum stað í einu. Efnahagsleg tækifæri fyrir ungt fólk á norðurslóðum er helst að finna í óhefðbundnum atvinnugreinum eins og skapandi greinum, ferðaþjónustu og innan lífhagkerfisins (e. bioeconomy) eins og fram kemur í nýrri rannsókn frá Nordregio: *Future Regional Development Policy for the Nordic Arctic: Foresight Analysis 2013–2016*.

Viðskiptatækifæri í skapandi greinum

- „Frumatvinnugreinar hafa jafnan verið grundvöllur efnahagslífs á norðurslóðum, en rannsókn okkar sýnir að miklir möguleikar liggja í óhefðbundnari atvinnugreinum,“ segir einn höfunda skýrslunnar, Anna Karlsdóttir.
- „Sjálfbær nýting náttúruauðlinda hefur skapað grunninn að viðskiptatækifærum í seinni tíð eins og þeim sem byggja á lífhagkerfi og þekkingariðnaði tengdum rannsóknnum, þróun og nýsköpun. Vaxandi atvinnugreinar eins og ábyrg ferðaþjónusta og skapandi greinar lofa einnig góðu og má þar nefna menningarviðburði, svæðisbundna matvælaframleiðslu, handverk, listgreinar og kvikmyndagerð,“ bætir Anna við.

Íslenski kvikmyndaiðnaðurinn er gott dæmi um skapandi grein sem hefur vaxið og náð athygli á alþjóðavettvangi. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hefur stutt við greinina með því að gefa framleiðendum kost á að fá endurgreiddan hluta framleiðslukostnaðar við gerð efnis á Íslandi. Árlega kvikmyndahátíðin Midnight Sun Film Festival, sem haldin er í Sodankylä í Finnlandi, er annað gott dæmi um hvernig skapandi greinar geta verið lyftistöng fyrir svæði á norðurslóðum. Gestum fjölgar ár frá ári en á þritugasta afmælisárinu, árið 2015, komu 30.000 alþjóðlegir gestir á hátíðina.

Norræna norðurskautssvæðið hefur möguleika á að vera í fararbroddi á alþjóðavettvangi þegar kemur að sjálfbærri efnahagsþróun, nýsköpun og rannsóknnum. Áhersla á líftækni til framleiðslu hefur aukist til muna, til dæmis við framleiðslu fódurs, innihaldsefna matvæla og lífræns eldsneytis. Þá getur endurnýjun á heildarvinnsluferli skógarafurða verið þáttur sem stutt gæti við byggðapróun. Sjávarútvegur gegnir mikilvægu hlutverki lífhagkerfisins á Íslandi, Grænlandi, í Færeyjum og á strandsvæðum Noregs. Þar liggur kjörið tækifæri til að þróa enn frekar nýjar framleiðsluleiðir sem byggja á þörungum og öðrum lífefnum sem og uppbyggingu á öflugri hliðarframleiðslu úr því sem fellur til við frumframleiðsluna.

Misræmi milli vinnuafis og námstækifæra

Núverandi áskoranir fyrir norræna norðurskautssvæðið eru skortur á fjölbreyttri atvinnustarfsemi, fjárfestingum og mannafla. Hins vegar aðlagar ungt fólk sig breyttum aðstæðum með fjölþættum lífsstíl og deilir tíma sínum á milli heimilis, vinnu og náms á mismunandi stöðum. Lífsstíll sem telst orðið eðlilegur, meðal ungmenna á norðurslóðum, sérstaklega þeirra sem ekki eru tilbúin til að yfirgefa heimili sín á afskekktum svæðum. Atvinnutækifæri sem byggja á þekkingasköpun eru takmörkuð og skortur á áreiðanlegri internettengingu takmarkar einnig möguleika til fjarnáms. Fleiri ungar konur en karlar stunda háskólanám og því flytja þær frekar en karlar frá norðurslóðum. Tromsø í norður Noregi er staður sem dafnar vel og þar fer fjöldi íbúa vaxandi. Þessa jákvæðu þróun ber, að miklu leyti, að þakka háskólanum sem laðar að sífellt fleiri

nemendur. Framboð á starfsnámsbrautum og aukin tækifæri til menntunar, auk símenntunar, er grundvallaratriði fyrir möguleika fólks og samkeppnishæfni fyrirtækja á heimskautasvæðum. Sú aðferðarfræði (e. Foresight analysis) sem skýrslan byggir á leggur áherslu á valdeflingu íbúa. Yfir 20 vinnufundir voru skipulagðir á völdum svæðum norðurlóða þar sem heimafólk og fulltrúar sveitarfélaga, landshlutasamtaka og stjórnvalda auk fulltrúa af vettvangi Norðurlandasamstarfs tóku þátt. Á fundunum deildu þátttakendur sýn sinni á þá möguleika og hindranir sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Nordregio framkvæmdi rannsóknina að beiðni vinnuhóps um sjálfbæra svæðisbundna þróun á norðurlóðum sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fyrir áhugasama má geta þess að útgáfuhóf og kynning á skýrslunni verður haldin í Kaupmannahöfn 30. janúar næstkomandi, á milli klukkan 14-17. Frekari upplýsingar má finna á www.nordregio.se

Contact: Pipsa Salolammi
Communication, Nordregio
pipsa.salolammi@nordregio.se
+46 76 1841654

eða

Hjördís Rut Sigurjónsdóttir
hjordisrut.sigurjonsdottir@nordregio.se
+46 70 6766521